



Vöndum til verka!

Nú þegar rúmlega mánuður er liðinn frá kosningum þá viljum við, fyrir hönd Kex, þakka fyrir allan þann stuðning, ráð og ábendingar sem við fengum bæði fyrir og eftir kosningar. Fyrsti bæjarstjórnarfundur er afstaðinn en bæjarstjórn fór í sumarfrí eftir þann fund þangað til 17. ágúst. Á meðan fundar bæjarráð hálfsmánaðarlega og hefur það gengið vel.

Kex undirritaði samning um meirihlutasamstarf við Sjálfstæðisflokkinn þann 29. maí. Við tókum okkur þann tíma sem þurfti til þess að vanda til verka og eftir stendur samningur sem að báðir flokkar eru sáttir við og stoltir af.

Þann 9. júní birtist tilkynning um ráðningu Sigurjóns Andréssonar, nýs bæjarstjóra. Hann mun hefja störf þann 1. júlí næstkomandi og erum við virkilega spennt fyrir því að fá hann til starfa og kynna hann fyrir íbúum sveitarfélagsins.

Við erum jákvæð og bjartsýn fyrir næstu fjórum árum og mun

þar gott samstarf meirihluta og minnihluta spila inn í. Mörg stór mál eru á dagskrá næstu mánuðina og ljóst er að vanda þarf til verka og skoða vel allar hliðar á málum. Áætlað er að vinna við nýja viðbyggingu við leikskólann Sjónarhól hefjist á haustdögum. Einnig þarf að taka ákvörðun um uppbyggingu íþróttamannvirkja sem og finna lausn á núverandi fyrirkomulagi Sporthallarinnar þar sem núverandi samningi hefur verið sagt upp. Við stefnum að því að finna leiðir til að halda íbúum sveitarfélagsins upplýstum um stöðu mála, hvort sem það yri með greinarskrifum eða öðru. Við erum bjartsýn á að allir flokkar muni vinna í sameiningu til þess að finna farsæla lausn á þessu máli, sem og öðrum málum, sem verður sveitarfélaginu öllu til hagsbóta. Að lokum viljum við benda á að við tókum glöð við öllum ábendingum, gagnrýni, spurningum eða hrósum á www.kkex.is undir flípanum „hafa



Eyrún Friða og Guðrún Stefania

samband". Við þökkum ykkur kærlega fyrir traustið og óskum ykkur gleðilegrar humarhátíðar!

Fyrir hönd Kex,
Eyrún Friða Árnadóttir
Guðrún Stefania Vopnfjörð
Ingólfsdóttir

Margrét Kristinsdóttir ráðin framkvæmdastjóri UMF. Sindra

Aðalstjórn Ungmennafélags Sindra hefur ráðið Margréti Kristinsdóttur sem næsta framkvæmdastjóra félagsins. Margréter uppalin Hornfirðingur og býr hér ásamt 14 ára syni sínum. Hún hefur áður setið í stjórn körfuknattleiksdeild Sindra og hefur þar innsýn inn í starf félagsins.

„Ég er mjög spennt fyrir þessu tækifæri og þeim áskorunum sem bíða mín í nýju starfi sem framkvæmdastjóri Sindra. Íþróttafélög spila stóran sess í

lífi fjölskyldna og samfélaginu og því frábær vettvangur til þess að láta gott af mér leiða og efla starfið. Félagið er fjölbreytt og ört stækkandi og því heiður að fá að taka þátt í þeirri vegferð sem er fram undan,“ segir Margrét, aðspurð um nýja starf sitt. Margrét er nemi í Tómstunda- og félagsmálafræði við Háskóla Íslands og mun ljúka því námi samhliða starfi, vorið 2023. Þá útskrifaðist hún sem ferðaráðgjafi frá Ferðamála skóla Íslands og starfaði síðast

hjá Icelandair í 11 ár.

Hún hóf störf 1. júní þar sem hún tók við af Jóhanni Bergi Kiesel sem gengt hafði þeirri stöðu tímabundið meðan á ráðningaferli stóð, en fráfarandi framkvæmdastjóri Lárus Páll Pálsson lét af störfum síðastliðinn mars.

Við þökkum fráfarandi starfsmönnum samstarfið og óskum Margréti velgengni í nýju starfi.

Áfram Sindri!

Aðalstjórn UMF. Sindra.





BJARNANESKIRKJA

Útímessu sunnudaginn
26. júní kl. 14:00 við rústir
gömlu Bjarmaneskirkju við Laxá.
Klæðnaður eftir veðri.

Allir velkomnir.



BRUNNHÓLSKIRKJA

Sumarmessa sunnudaginn
26. júní kl. 17:00

Allir hjartanlega velkomnir

Sóknarnefnd og prestar

FRÁ FERÐAFÉLAGINU

Gönguvikan Ekki lúra of lengi:

23. júní. Hvaldalur í Lóni.

Erfiðleikastigið er 1 skór, Hulda Laxdal Hauksdóttir leiðir gönguna. Lagt verður af stað frá tjaldsvæðinu á Höfn kl. 17:00 og gengin kvöldganga frá Þjóðvegi og inn að slæðufossunum í Ljósá. Farin verður sama leið til baka, samtals um 7 km.

24. júní, Jónsmessa. Hamrarnir í Örafum.

Erfiðleikastigið er 1 skór, Sigrún Sigurgeirsdóttir leiðir gönguna. Lagt verður af stað frá Kaffihúsinu á Fagurhólsmýri kl. 17:00, þá verður tilkynnt nánar um gönguleiðina (austan eða vestan við Salthöfða, það fer eftir vindáttinni!)

25. júní. Kjós í Skaftafelli í Örafum,

Erfiðleikastigið er 3 skór því heildarvegalengd er um 29 km: upp á Skaftafellsheiðina (Sjónarsker) og þaðan inn í Morsárdal. Sigrún Sigurgeirsdóttir leiðir gönguna. Lagt verður af stað kl. 08:00 frá Skaftafellsstofu. Skráningu þarf í gönguna inn í Kjós, Sigrún, sími 864-5456.

26. júní. Gengið fyrir Horn í Nesjum.

Erfiðleikastigið er 2 skór, Ingibjörg Guðmundsdóttir og Katrín Birna Þráinsdóttir leiða gönguna. Lagt verður af stað frá tjaldsvæðinu á Höfn kl. 10:00 og þá verður upphafsstaður göngu ákveðinn.

Mikilvægt er að huga að veðurspá og haga klæðnaði í samræmi við spána, einnig að muna eftir nestinu.

Þátttökugjald í gönguferðum félagsins er 1.000 krónur en 1.500 fyrir hjón, frítt fyrir börn og ungmenni að 18 ára aldri. Sé hundur með í för skal taumur vera til taks ef á þarf að halda. Öllum er velkomið að taka þátt í gönguferðum félagsins og eins er velkomið að hafa samband við þá sem leiða göngurnar ef frekari upplýsinga er óskað. Símanúmerin eru: Sigrún 864-5456, Hulda 864-4952, Ingibjörg 845-1543.



Þú finnur hina fullkomnu gjöf hjá okkur.

Þægileg skartgripaskrín í ferðalagið til í mörgum stærðum og mörgum útfærslum



S: 478-2535 / 898-3664
Ópið virka daga kl. 13-18



Leikskólinn Sjónarhóll á Höfn í Hornafirði auglýsir eftir leikskólakennurum og leikskólaleiðbeinendum.

Helstu verkefni og ábyrgð:

Að vinna að uppeldi og menntun leikskólakennara eða leiðbeinanda þ.m.t. að taka þátt í skipulagningu faglegs starfs og foreldrasamstarfi.

Hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun eða önnur uppeldismenntun
- Ef ekki fæst fólk með réttindi er annað skoðað
- Reynsla af uppeldis- og kennslustörfum með ungum börnum æskileg
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum
- Stundvísi, frumkvæði og faglegur metnaður í starfi
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góð íslenskukunnátta

Laun eru greidd samkvæmt samningum launanevndar Sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til og með 4. júlí næstkomandi

Umsóknir ásamt ferilskrá berist til Maríönnu Jónsdóttur leikskólastjóra á netfangið mariannaj@hornafjordur.is.

Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is



Leikskólinn Sjónarhóll auglýsir eftir yfir matráð í eldhús

Helstu verkefni:

Að elda næringarríkan, góðan og öruggan mat við hæfi barna í samræmi við leiðbeiningar landæknis og í samráði við leikskólustjóra. Annast frágang, þrifa eldhús, þvo þvott og ganga frá. Panta inn vörur fyrir eldhús og eða leikskólann, matseðlagerð.

Hæfniskröfur:

- Reynsla sem matráður eða af öðru sambærilegu starfi.
- reynsla sem yfirmaður.
- Stundvísi, frumkvæði, skipulagshæfni og drifkraftur í starfi.
- Sjálfstæði og vandvirkni í vinnubrögðum.
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum.
- Góð íslenskukunnátta

Laun greidd samkvæmt samningum launanevndar Sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

Umsækjendur þurfa að geta hafið störf þann 9. ágúst næstkomandi.

Umsóknarfrestur er til 4. júlí næstkomandi

Umsóknir ásamt ferilskrá berist til Maríönnu Jónsdóttur leikskólustjóra á netfangið: mariannaj@hornafjordur.is

Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi: HLS ehf.
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson
Netfang: tjorvi@eystrahorn.is

Prófarkalestur: Guðlaug Hestnes
Umbrot: Tjörvi Óskarsson
Prentun: Litlaprent
ISSN 1670-4126

HUMARHÁTÍÐ

23. júní – 26. júní 2022


Fimmtudagur 23. júní

- 13:00-17:00** Svavarsafn opið
- 17:00** Hlaupið fyrir Horn með Hlaupahóp Hornfirðinga og frjálsíþróttadeild Sindra. Verð: 1000 kr.
- 20:00** Tónleikar með **KK** á Hafinu.



KK
með tónleikar á
Hafinu fimmtudag
kl. 20:00.

Verð: 5990 kr.
við innganginn



Trúbadorarnir
Bjarki & Gunni
skemmta á Hafinu
föstudagkvöld.
Verð: 1000 kr.



Lalli
töframaður
skemmtir á
föstudaginn



Lína
Langsokkur
skemmtir krökkunum
á útisviðinu
föstudaginn 23. júní



Föstudagur 24. júní

- 13:00 - 15:00** Pylsupartý **í boði Húsasmíðjunnar**
- 13:00-18:00** Verbúðin í Miklagarði opin
- 15:00-17:00** Svavarsafn Opnun sýningar; **Hreyfing í föstum formum** - Veitingar í boði
- 15:00** Sölubásar á miðsvæðinu opnaðir
- 15:00** Partývagninn opnaður og verður alla helgina á miðsvæðinu
- 16:00-17:00** **Dagskrá á útisviði**
Lalli töframaður
í boði Skinneyjar - Þingness
Lína Langsokkur
- 18:00-20:00** Humarsúpa um allan bæ, sjá kort **í boði Skinneyjar - Þingness og Nettó**
- 20:00** Hoppukastalar opnaðir á miðsvæðinu
- 20:30** **Setning Humarhátíðar á miðsvæði**
Lúðrasveit Hornafjarðar
Ólöf Ingunn staðgengill bæjarstjóra heldur ræðu
- 21:00-23:00** Tónleikar með **hornfirskum listamönnum** í íþróttahúsinu
- 23:00** Trúbadorarnir Bjarki og Gunni skemmta á Hafinu.



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Unglingaball með
Joey Christ
 (13 ára og eldri)
 í boði Ungmennaráðs
 Frítt inn



Parket

Dansleikur í íþróttahúsinu laugardaginn
 25. júní.
 Aðgangseyrir 4000 kr.



Laugardagur 25. júní

- 11:00** Hulda Laxdal Söguganga Brot úr sögu Hafnar. Hefst við Gömlubúð
- 8:00** Silfurnesvöllur Opna Skinneyjar - Þingness (Golfmót)
- 10:00-12:00** Sundlaug Hafnar - Frítt í sund
- 10:00** Heimsmeistaramótið í Hornafjarðarmanna
- 12:00-16:00** **Bylgjulestin mætir á svæðið!**
- 11:00-13:00** Sápufótbolti á æfingasvæði knattspyrnudeildar Sindra
- 13:00-18:00** Verðbúðin í Miklagarði opin
- 13:00** Kassabílarallý Landsbankans við útibú Landsbankans
- 13:00** Hoppukastalar opnaðir
- 13:00** Sölubásar á miðsvæðinu opnaðir
- 13:00** Hornafjarðarflugvöllur - Flugsýning - sýningarsvæði opnað
- 13:00-17:00** Svavarssafn opið
- 14:00-16:00** Hornafjarðarflugvöllur - Sýningaratriði á flugsýningu
- 14:00** Sindravellir - Sindri - Augnablik (mfl. karla)
- 14:30** Burnout hjá Flytjanda
- 15:30** Söngvakeppni fyrir 8 - 15 ára í íþróttahúsinu. Verðlaun fyrir 1. sæti
- 16:30** Sindravellir - Sindri - KÁ (mfl. kvenna)
- 17:00** Bryggjujoga á Óslandsbryggju
- 20:00-21:00** Unglingaball með **Joey Christ** (13 ára og eldri) í íþróttahúsinu í boði Ungmennaráðs
- 00:00** Dansleikur með **Parket** í íþróttahúsinu

Húsgagnaþal

samskip

Styrktaraðilar Humarhátíðar

Króm og Hvítt

Hótel Edda

Martölvan

Málningarþjónusta Horna

Valhöll fasteignasala

Múrfeðgar

Milk factory

Local guide

Hótel Skaftafell

Árnanes

Hali

Prastarhóll

Skálinn

Höfn guesthouse

Efnalaug Dóru

Glacier Jeeps

Tannlæknastofa Héðins

Sólsker

Bílaverkstæði Gunnars

Pálma



HM Í HM

verður í **Nýheimum**
laugardaginn 25. júní kl. 10:00
Góð verðlaun eins og venjulega
Þátttökugjald 1000 kr.
Knattspyrnudeild Sindra

Verðlaunahafar
2021 og Gústi
heimsmeistari með
Humarskálina



Sunnudagur 26. júní

- 09:00-18:00** Verðbúðin í Miklagarði opin
- 10:00-12:00** Sundlaug Hafnar - Frítt í sund
- 13:00-17:00** Svavarssafn opið
- 14:00** Vöflusala hjá Slysavarnadeild Framtíðin í Slysavarnarhúsinu við Álaleiru
- 14:00** Helgistund við rústir gömlu Bjarnaneskirkju
- 17:00** Pókermót hjá Pókerklúbbi Hornafjarðar á Hafinu



nettó



HÖFN HOSTEL



FOSSHOTEL
VATNAJÖKULL





HUMARSÚPUR

1. Sandbakki 13
2. Hagatún 14
3. Hvannabraut 6
4. Hæðargarður 11 (Nesjum)

● Miðsvæði

Sérstakar þakkir til
allra sem lögðu til
heimili sín
og garða fyrir
humarsúpu



Skinney - Þinganes hf



Skinney - Þinganes hf

Gleðilega Humarhátíð

Kassabílarall Landsbankans



Hreyfing í föstum formum og litum

Sumarsýning Svavarsafns opnar föstudaginn 24. júní klukkan þrjú, á Humarhátíð. Eins og oft á sumrin er sjónum beint að verkum Svavars Guðnasonar, að þessu sinni hefur sýningarstjórinn Jón Proppé valið myndir sem sýna vel hreyfingu og litagleði abstraktverka Svavars. Jón þekkir vel til verka Svavars og var sýningarstjóri sumarsýningarinnar í fyrra þegar verk Svavars og Erlu Þórarinsdóttur var spyrnt saman.

Á opnuninni verður boðið upp á veitingar, en daginn eftir, klukkan tvö, mun sýningarstjórinn leiða gesti um sýninguna.

„Málverk Svavars og pastelmyndir vöktu mikla athygli annarra listamanna og gagnrýnenda,“ segir

Jón Proppé.

„Framlag Svavars til hreinflatar-abstraktsins sannaði fyrir mörgum að stefnan gæti getið af sér falleg og þróttmikil listaverk. Það hafa líklega fáir þorað að kalla Svavar klessumálara þótt verk hans væru nýstárleg. Það sem fólk var sammála um, meðal annarra Kjarval og Björn Th. Björnsson, var að náttúran væri enn helsti innblástur Svavars þótt formin væru mörkuð hreinum línunum.“

Sýningin mun standa til 11. september.



Þessi vatnslitamynd verður meðal þeirra sem verður til sýnis á Hreyfingu í föstum formum.

LOKSINS · LOKSINS · LOKSINS

Vorsendingin okkar er loksins komin í hús

Nú eigum við öll garðhúsin okkar og minni gestahúsin til á lager - **Takmarkað magn**

FYRSTUR KEMUR - FYRSTUR FÆR - EKKI MISSA AF ÞESSU

www.volundarhus.is



44 mm bjálki / Tvöföld nótun

GARÐHÚS 14,5 m²


volundarhus.is

Vel valið fyrir húsið þitt

volundarhus.is · Sími 864-2400

Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar volundarhus.is og í síma 864-2400.

50% afsláttur af flutningi á **GARÐHÚSUM** og **GESTAHÚSUM** á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

GESTAHÚS og **GARÐHÚS** sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður

Sjá fleiri **GESTAHÚS** og **GARÐHÚS** á tilboði á heimasíðunni volundarhus.is



GARÐHÚS 4,4m²



GARÐHÚS 4,7m²



GARÐHÚS 9,9 m² án gólfs



GARÐHÚS 9,7m²



www.volundarhus.is

Humarhátíðin

24.-26. júní



Ostborgara
máltíð og gos

1.990 kr.



Fiskur & franskur

1.990 kr.

Tilboð gilda dagana 24.-26. júní 2022

N1 Höfn



Nesti